



Árnesi, 3. maí 2024

Mál númer: M202404-0065

Umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna frumvarps til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps (hér eftir SKOGN) þakkar fyrir tækifærið að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum við fyrirhugað frumvarp til laga um vindorku.

Sveitarstjórn SKOGN vill vekja athygli á því að búið er að fara með málið í gegnum samráðsgátt stjórnvalda þar sem 46 umsagnir bárust. Ljóst er að frumvarpið kemur óbreytt frá ráðuneytinu og því hefur ekkert tillit verið tekið til þeirra umsagna sem bárust í samráðsgáttina. Ef það lá fyrir að ráðuneytið hygðist ekki taka tillit til umsagna í ferlinu má því segja að miklum tíma hafi verið varið í samráð sem átti aldrei að taka tillit til.

Í núverandi skattaumgjörð er ljóst að ávinningur sveitarfélaga af því að vindorkuver séu byggð er sáralítill. Megnið af vindorkuveri er undanþegið fasteignamati og skilar því litlum tekjum til sveitarfélaga í formi fasteignagjalda. Því til viðbótar eru vindorkuver rekin af sérhæfðu starfsfólki, sem munu að öllum líkindum koma erlendis frá í 1-2 vikur í senn, tvisvar til þrisvar á ári. Því munu vindorkuver ekki skila staðbundnum störfum og útsvarstekjum til þeirra sveitarfélaga sem munu hafa vindorkuver í sínu nærumhverfi. Tekjur sveitarfélaga af vindorkuverum eru því hverfandi en umhverfisáhrifin slík að þau munu takmarka möguleika sveitarfélaga til framtíðar. Að mati sveitarstjórnar SKOGN er því ekki hægt að fjalla um þessa löggjöf nema fyrir liggi breytingar á skattaumhverfi orkuvinnslu samhliða. Sveitarstjórn SKOGN hvetur því nefndina til að afgreiða ekki frumvarpið úr nefndinni nema búið sé að ná sátt við sveitarfélögin um ávinning nærsamfélagsins. Að öðrum kosti eru verulegar líkur á því að sveitarfélög hafni uppbyggingu vindorkuvera og ávinningur samfélagsins verður enginn.

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru mikilvægir innviðir raforkukerfisins á Íslandi. Um 20% af raforkuframleiðslu landsins á sér stað í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið hefur því mikla hagsmuni af því að vel sé staðið að afgreiðslu jafn mikilvægs lagafrumvarps og hér er fjallað um. **Undirritaður óskar eftir því að fá tækifæri til að koma fyrir nefndina**, fara yfir áhyggjur sveitarstjórnar sem koma fram í umsögninni hér að neðan og koma skýrt á framfæri þeim mikilvægu atriðum sem þarf að breyta í þessum frumvarpsdrögum.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson
Oddviti / Sveitarstjóri



Hérn má sjá umsögn sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna fyrirhugaðs frumvarps sem send var í samráðsgátt stjórnvalda þann 23. Janúar 2024.

Árnesi, 23. janúar 2024

Mál númer: M202401-0013

Umsögn vegna fyrirhugaðs frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjanakostir í vindorku) ásamt tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps (hér eftir SKOGN) þakkar fyrir tækifærið að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum við vinnu að fyrirhugaðri lagaumgjörð um uppbyggingu vindorku á Íslandi.

Vert er að hrósa umhverfis- orku- og loftslagsráðherra fyrir að hafa sett undirbúning að umgjörð um vindorku í jafn viðtækt samráð og umfjöllun eins og gert hefur verið. Einnig má sérstaklega þakka starfshópnum fyrir vandaða vinnu og reglubundið samráð á skipunartíma sínum.

Í SKOGN hefur mest raforka verið framleidd í sögu Íslands. Sú orkuframleiðsla sem hefur átt sér stað í sveitarfélaginu frá því að Búrfellsvirkjun hóf að framleiða rafmagn árið 1967 ásamt Sultartangavirkjun, vindmyllum á Hafinu og Búrfellsvirkjun II hefur haft mikil áhrif á samfélagið í SKOGN. Segja má að áhrifin hafi verið jákvæð fyrstu áratugina, en síðustu áratugina hefur lagaumgjörð orkuvinnslu orðið þess valdandi að sveitarfélagið SKOGN ber fjárhagslegt tjón af þeirri orkuvinnslu sem á sér stað í sveitarfélaginu. Við slíka stöðu er ekki hægt að una lengur. Mikilvægt er að taka fram að í SKOGN er framleitt rafmagn sem dugar fyrir öllum heimilum og fyrirtækjum á Íslandi, að undanskilinni stóriðjunni.

Sveitastjórn SKOGN fagnar því að loks séu lögð fram drög að lögum um uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi.

Í tillögu til þingsályktunar eru eftirfarandi atriði sem sveitarstjórn SKOGN vill taka undir og/eða koma með athugasemdir við.

Í kafla 1.1. markmið stjórnvalda er fjallað um að umhverfisáhrif vindorku kunni að vera meira afturkræf en virkjun vatnsafls og jarðvarma en bent á að ljóst sé að neikvæð áhrif hennar geta verið töluverð ef ekki er vel hugsað að staðsetningu virkjanakosta. Einnig er tekið fram að mikilvægt sé, sérstaklega í upphafi, að stigin sé varfærin skref og þess gætt við staðarval að áhrifin verði sem minnst á óspillta eða viðkvæma náttúru eða svæði með hátt verndargildi. Sveitarstjórn SKOGN tekur undir þessar forsendur en vill benda á að vindorkugarður sem reistur er í óspilltri náttúru er ekki afturkræf framkvæmd þar sem ekki er hægt að koma óspilltri náttúru aftur í upprunalegt ástand. Tekið er undir að vindorkugarður sé sannarlega afturkræf framkvæmd á áður röskuðu landi, hvort sem er á landi til iðnaðar, landbúnaðar eða annarrar starfsemi. Sveitarstjórn SKOGN ítrekar mikilvægi þess að fyrstu vindorkugarðar sem reistir verði á Íslandi verði ekki byggðir á þeim svæðum sem tilgreind eru í *kafla 1.2. svæði landsins þar sem uppbyggingu vindorku er óheimil* en að mati sveitarstjórnar SKOGN yrðu það mistök sem við sem þjóð myndum sjá eftir í áratugi. (Hér er sérstaklega átt við Búrfellslund) Yrði slíkt gert væri verið að fórna meiri verðmætum fyrir minni þar sem hægt er að reisa vindorkuver á fjölmörgum stöðum á Íslandi án þess að raska náttúrunni og þeim efnahagslegu verðmætum sem hún færir okkur.



Í kafla 1.2. svæði landsins þar sem uppbygging vindorku er óheimil er fjallað um skilgreiningu á sex svæðum þar sem óheimilt er að byggja vindorkuver. Sveitarstjórn SKOGN vill sérstaklega taka undir slíkar skilgreiningar og hrósa starfshópnum fyrir vel unnar og skýrar afmarkanir um hvar megi ekki byggja vindorkuver. Með þessu móti er tekin skýr stefnumörkun um staðarval á vindorkuverum á forsendum ríkis og sveitarfélaga með langtímahagsmuni að leiðarljósi. Sveitarstjórn SKOGN óskar eftir því að áður en frumvarpið verði lagt fram á Alþingi að gert verði kort af Íslandi sem sýnir allar afmarkanirnar á einu korti og það látið fylgja með í málsmeðferð þingsins. Mun auðveldara er að gera sér grein fyrir hvar megi reisa vindorkuver og hvar megi ekki reisa vindorkuver á slíku korti.

Í kafla 1.3. náttúran, náttúruminjar, ljöfræðileg jölbreytni og menningarminjar er fjallað um að við ákvörðun og val á svæðum fyrir hagnýtingu vindorku skal þess ávallt gætt að neikvæðum áhrifum af starfsemi á viðkvæm svæði í náttúrunni og menningarminjar sé haldið í lágmarki og að tekið sé tillit til sjónrænna og hljóðrænna áhrifa. Gæta skal sérstaklega að áhrifum á þjóðgarða og önnur friðlýst svæði, óbyggð víðerni og ferðamannastaði sem eru einstakir á landsvísu vegna náttúrufars. Sveitarstjórn SKOGN tekur undir þessi atriði að öllu leyti. Í sveitarfélaginu eru þjóðlendur og friðlýst svæði ásamt stærstu friðlýsingu minja á Íslandi sem mikilvægt er að vernda og tryggja að vindorkuver verði ekki byggð í nágrenni þeirra.

Í kafla 1.4. orkuframleiðsla og orkukefjið er tekið fram að huga skuli að því hvort stærð og staðsetning virkjunarkosta í vindorku geti stuðlað að auknu orkuöryggi, sérstaklega á þeim svæðum landsins þar sem afhendingaröryggi raforku er ekki nægilega tryggt og á svæðum þar sem skortur er á raforku sem framleidd er á sjálfbæran hátt. Sveitarstjórn SKOGN tekur undir það að mikilvægt sé að byggja vindorkuver með tilliti til orkuöryggis alls raforkukerfisins á Íslandi og byggja vindorku á svæðum sem búa við takmarkaða framleiðslu og/eða raforkuöryggi. Í SKOGN er framleitt um 18% af öllu rafmagni á Íslandi í dag og á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu er um 37% af allri raforkuframleiðslu Ísland í dag. Því til viðbótar eru fyrirhugaðir vatnsaflskostir á svæðinu Hvammsvirkjun, Holtavirkjun, Urriðafossvirkjun, Kjalölduveita og Skrokkölduveita. Uppsett afl allra þessara virkjanakosta sem eru ónýttir er í kringum 400MW. Því til viðbótar er hægt að fara í aflaukingar núverandi virkjana á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu í Vatnsfellsvirkjun, Sigölduvirkjun, Hrauneyjarvirkjun, Búðarhálsvirkjun og Búrfelli II, samtals um 350MW. Það er því hægt að auka uppsett afl virkjana á svæðinu um 750MW eða ríflega 72%. Yrði slíkt gert væri ríflega 50% af allri raforkuframleiðslu Íslands á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu. **Að mati sveitarstjórnar SKOGN er því mjög óæskilegt að reisa vindorkuver á svæðinu með tilliti til þess að of hátt hlutfall raforkuframleiðslunnar verði á einum stað á Íslandi.** Náttúruhamfarir á svæðinu sem myndu laska raforkuframleiðsluna á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu yrði því næst ómögulegt að bregðast við og því mikilvægt að vindorkuver verði byggð á öðrum svæðum með heildarhagsmunum raforkukerfisins að leiðarljósi. Með öflugum flutningsneti raforku hringinn í kringum landið getur Þjórsár- og Tungnaárvæðið gengt lykilhlutverki í að sveiflufafna vindorkuframleiðslu í öðrum landshlutum.

Í kafla 1.5. vindorka og samfélag er fjallað um að ákvörðun um uppbyggingu virkjunarkosta í vindorku skuli eiga sér stað með virkri og lýðræðislegri aðild og aðkomu nærsamfélagsins til að unnt sé að ná sem breiðastri sátt um hana út frá hagsmunum íbúa á nærliggjandi svæðum. Einnig kemur fram að tryggja skuli að lagaumgjörðin verði með þeim hætti að endanleg ákvörðun um það hvort uppbygging einstakra virkjunarkosta í vindorku verði sett inn á skipulag sé í höndum viðkomandi sveitarfélags. Sveitarstjórn SKOGN tekur heils hugar undir að nærsamfélagið hafi ávallt endanlega ákvörðun hvort vindorkuver verði byggt í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að bæta við fyrirhuguð áform grendaráhrifum milli sveitarfélaga, t.d. ef vindorkuver er innan við 3-5 km frá sveitarfélagamörkum skuli vindorkuverið



einnig verða háð samþykki aðliggjandi sveitarfélags og setja þurfi inni aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélags þá takmörkun sem gildir við umhverfið næst vindorkuverinu.

Í **kafla 1.6. efnahagsleg áhrif af hagnýtingu vindorku** er tekið fram að stefna skuli að því að sú verðmætasköpun sem hagnýting vindorku hefur í för með sér skili sér til samfélagsins alls með sanngjarnri og eðlilegri opinberri gjaldtöku sem tryggji því beina og sýnilega hlutdeild í afkomu starfseminnar. Vegna áhrifa virkjunar vindorku á nærumhverfið skal tryggja að nærsamfélagið njóti sérstaks ávinnings af starfseminni, umfram hefðbundnari virkjunarkosti. Sveitarstjórn SKOGN hefur sýnt fram á að það beri fjárhagslegt tjón af þeirri orkuvinnslu sem á sér stað í sveitarfélaginu og tekur því heilshugar undir það að ekkert vindorkuver eigi að reisa nema tryggt sé með lögum verulegan ávinning af orkuvinnslunni fyrir nærumhverfið. Þær tvær vindmyllur sem hafa verið reknar í meira en 10 ár í SKOGN hafa ekki skilað neinum sérstökum ávinningi fyrir nærsamfélagið og reyndi SKOGN að fá leiðréttingu á því með málaferlum árið 2017 sem ekki skilaði árangri. Að mati sveitarstjórnar SKOGN ætti ekkert sveitarfélag að heimila uppbyggingu vindorkuvera nema tryggt verði með skýrum hætti í lögum að fjárhagslegur ávinningur skili sér í nærumhverfið. Þegar þessari umsögn er skilað í samráðsgáttina liggja enn ekki fyrir boðaðar breytingar á skattaumhverfi orkuvinnslu en að mati sveitarstjórnar SKOGN eru ný skattaumgjörð orkuvinnslu sem skilar ávinningi í nærumhverfið forsenda þess að hægt sé að leggja fram boðað frumvarp um vindorkuver.

Í **kafla 2.2. besta framkvæmd og tækni** kemur fram að tryggja skuli að stjórnvöld setji skýrar reglur og viðmið um nauðsynlega fjarlægð vindorkumannvirkja frá íbúabyggð, t.d. á grundvelli hljóðs, ljóss, skuggaflökts og hugsanlegs ískasts af mannvirkjum, til að tryggja öryggi, hollustuhætti og heilsu. Sama gildir um aðra þætti sem metnir eru nauðsynlegir, eins og hugsanlega truflun á fjarskiptum, flugumferð eða vegna mikilvægra veðurmælinga. Sveitarstjórn SKOGN tekur undir slík tilmæli, en vill árétta að mikilvægt er að sett sé einnig skýrt ákvæði í lög um grendaráhrif á milli sveitarfélaga. Ef vindorkukostur er skipulagður nálægt sveitarfélagamörkum, t.d. innan við 3-5km frá sveitarfélagamörkum þá þurfi nærliggjandi sveitarfélög að samþykkja fyrirhugaðan vindorkukost og setja hann inná aðalskipulag, að öðrum kosti fáist ekki heimild til að setja hann inn á skipulag.

Í **kafla 3.1. röskuð svæði og óröskuð** er fjallað um að við ákvörðun um staðsetningu vindorkuvera á landi skal horft til þess að hálendi og náttúra Íslands bjóða upp á mikilvæg lífsgæði í formi fjölbreyttrar náttúru, sérstæðs landslags óraskaðra svæða og útivistar. Stefnt skal að því að varðveita eins og kostur er óbyggð víðerni og önnur óröskuð svæði landsins. Einnig kemur fram að við mat á sjón- og hljóðrænum áhrifum virkjunarkostsins þarf að huga að mikilvægi þeirra hagsmuna sem kunnir að verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna staðsetningarinnar. Í þessu sambandi má nefna nálægð við þjóðgarða og önnur friðlýst svæði, svæði þar sem náttúra er einstök eða óviðjafnanleg, ferðamannastaði sem eru einstakir á landsvísu vegna náttúrufars eða útivistar og aðra staði með mikið verndargildi eða mikla verndarþörf í íslensku eða alþjóðlegu samhengi. Sveitarstjórn SKOGN tekur heilshugar undir slík tilmæli og bendir sérstaklega á að þrátt fyrir að óröskuð svæði séu vernduð eins og boðuð löggjöf tryggir, þá sé ennþá stór hluti af Íslandi sem henti til uppbyggingar vindorku í sátt við nærumhverfið og náttúruna. Því er mikilvægt að ekki verði vikið frá þessu og öll svæði í kafla 1.2 verði vernduð fyrir uppbyggingu vindorkuvera til framtíðar án undantekningar. (Hér er sérstaklega vísað til undanþágu Búrfellslundar sem kemur fram í frumvarpsdrögum) Í SKOGN eru þjóðlendur og stærsta friðlýsing minja á Íslandi. Tryggja þarf að vindorkuver muni ekki skaða möguleika svæðisins til framtíðar.

Í **kafla 3.3. stærð vindorkuvera** kemur fram að við mat á stærð og umfangi einstakra virkjunarkosta skal því, auk skoðunar á umhverfisáhrifum virkjunarstaðarins sjálfs, jafnframt horft til umhverfisáhrifa út frá framleiðslugetu virkjunar, enda kunna neikvæð áhrif á umhverfi að vera minni á hverja framleidda



orkueiningu eftir því sem vindorkuver er stærra. Að mati sveitarstjórnar SKOGN hefur starfshópnum yfirsétt mikilvægt atriði er kemur að staðarvali á vindorkuveri, þ.e.a.s. þjóðaröryggi raforkukerfisins í heild. Mikilvægt er að bæta inni þennan þátt að hafi einhvert eitt svæði of hátt hlutfall af heildarraforkuframleiðslu Íslands sé ekki heimilt að byggja vindorkuver á því svæði með tilliti til náttúruhamfara sem gæti laskað raforkuframleiðsluinnviði. SKOGN er á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu þar sem um 50% af raforkuframleiðslu Landsvirkjunar á sér stað og um 37% af raforkuframleiðslu Íslands. Möguleg nýting á nýjum virkjanakostum í vatnsafl og aflaukningu núverandi vatnsaflsvirkjana á svæðinu er um 750MW. Yrði það allt nýtt væri á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu uppsett afl í kringum 1.800MW eða um 50% af allri raforkuframleiðslu Íslands og um 62% af raforkuframleiðslu Landsvirkjunar. Að mati sveitarstjórnar SKOGN ætti að setja inn takmörk á hlutfall raforkuframleiðslu á hverju svæði fyrir sig. Ef t.d. yfir 30% af raforkuframleiðslu Íslands sé á sama svæði er ekki heimilt að byggja vindorkuver þar með tilliti til þjóðaröryggis þar sem vindorkuframleiðsla er ekki staðbundinn virkjanakostur. Með því móti yrði tryggt að vindorka yrði byggð á svæðum sem styrkir raforkuferfið í heild sinni og þannig yrði uppbygging vindorkuframleiðslu mikið þjóðaröryggismál komi til náttúruhamfara sem laska núverandi orkuframleiðslu Íslands eins og mögulega gæti gerst í Svartsengi í núverandi eldgosatímabili sem enginn veit hversu lengi mun vara.

Í kafla 4.1. hefðbundin málsmeðferð er fjallað um að ákvörðun um hagnýtingu vindorku skal fara eftir lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, eins og gildir um hina hefðbundnu virkjunarkosti, vatnsafl og jarðhita, nema sérreglur sé að finna í lögum. Í því felst að virkjunarkostir í vindorku eins og aðrir virkjunarkostir fari í hefðbundið mat og skoðun hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar, þeir séu að því búnu teknir til meðferðar af hálfu umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og fái að henni lokinni umfjöllun og meðferð á Alþingi sem hluti af þingsályktunartillögu um verndar- og orkunýtingaráætlun. Einnig er fjallað um að það verði á valdi hlutaðeigandi sveitarfélags og annarra stjórnvalda að taka afstöðu til veitingar leyfis til nýtingar virkjunarkostsins að undangengnu mati á umhverfisáhrifum og að öðrum skilyrðum laga uppfylltum. Sveitarstjórn SKOGN tekur undir slíkt verklag og áréttar að samþykki sveitarfélaga eigi að vera forsenda fyrir uppbyggingu vindorkuvera.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku) eru eftirfarandi atriði sem sveitarstjórn SKOGN vill taka undir eða koma með athugasemdir við.

Í 2.gr. kemur fram að verndar- og orkunýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn skv. 8. gr. hefur fjallað um og hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða uppsett varmaafli 50 MW eða meira eða vindorkumannvirki í hæstu stöðu yfir 100 metra að hæð. Að mati sveitarstjórnar SKOGN ætti að miða við hæstu stöðu ekki hærri en 50-75 metra þar sem sjónrænt áhrifasvæði vindorkumannvirkis sem er 100 metra hátt er orðið allt að 35,7 km í radíus og slíkt áhrifasvæði ætti ávallt að falla undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Í 4.gr. kemur fram að Verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana nema um sé að ræða virkjunarkosti til nýtingar vindorku. Sveitarstjórn SKOGN tekur undir þær breytingar að vindorkuver í rammaáætlun sé ekki bindandi við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga.

Í kafla 6. mat á áhrifum er fjallað ítarlegar um einstakar greinar frumvarpsins. Í umfjöllun um 3.gr. kemur fram að af þeim tveimur virkjunarkostum sem samþykktir hafa verið í nýtingarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar er Búrfellslundur innan marka miðhálandislínu. Ekki er gert ráð fyrir að þessi takmörkun sem hér er lögð til, verði hún að lögum, hafi afturvirk áhrif á þá virkjunarkosti í vindorku sem þegar eru komnir í nýtingarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar. Sveitarstjórn SKOGN



gangrýnir harðlega að setja eigi inn slíka undanþágur í boðaða löggjöf. Búrfellslundur er ekki einungis innan miðhálandislínu heldur er hann rúma 2km frá Þjóðlendunni í Þjórsárdal og einnig er þar stærsta friðlýsing minja á Íslandi. Vert er að benda á að í matsskýrslu Búrfellslundar kemur fram að svæði 0-5km frá Búrfellslundi séu áhrifin verulega neikvæð og vindmyllurnar ráðandi og mjög áberandi. Búrfellslundur hefur verið í undirbúningi í meira en 10 ár. Árið 2015 fór hann í umfjöllun í rammaáætlun með 200MW uppsett afl og var niðurstaða verkefnastjórnar rammaáætlunar að Búrfellslundur ætti að vera í biðflokki. Árið 2020 fór hann aftur í umfjöllun rammaáætlunar, þá sem minni útgáfa með 120MW uppsett afl. Þrátt fyrir að Búrfellslundur hafi verið minnkaður verulega að umfangi var það enn mat verkefnastjórnar Rammaáætlunar að Búrfellslundur skildi vera í biðflokki. Gegn vilja verkefnastjórnar Rammaáætlunar samþykkti Alþingi í júní 2022 að setja Búrfellslund í nýtingarflokk. Þrátt fyrir að vindmyllurnar séu staðsettar í Rangárþingi Ytra, þá nær helgunarsvæði vindmyllnanna yfir sveitarfélagamörkin að Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í matsskýrslu Búrfellslundar kemur fram að megnið af efnistöku fyrir framkvæmdina komi úr námum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og því ljóst að heimildir til efnistöku Búrfellslundar í samræmi við matsskýrslu Búrfellslundar þarf að skilgreina í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þann 8. júní 2023 fór sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fram á frestun á Búrfellslundi í samræmi við 7.gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlunarinnar sem þýðir að stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengt virkjanakostinum í 10 ár. **Sveitarstjórn SKOGN ítrekar því mikilvægi þess að engin undanþága verði veitt fyrir Búrfellslund í boðuðum lögum um vindorku. Eins og fram kemur í umsögn þessari þá er það þjóðaröryggismál að vindorkuver verði ekki byggð á Þjórsár- og Tungnaásvæðinu, þar sem Búrfellslundur er áætlaður, sökum þess hve hátt hlutfall af raforkuframleiðsla Íslands er á svæðinu. Fyrirhugaður Búrfellslundur staðsettur á virku eldfjallasvæði við hliðina á Heklu sem er eitt virkasta eldfjall á Íslandi.**

Niðurlag:

Sveitarstjórn SKOGN fagnar því að loks liggi fyrir drög að frumvarpi til laga um vindorkuver á Íslandi. Sveitarstjórn SKOGN lýsir vonbrigðum að boðaðar skattabreytingar á umgjörð orkuvinnslu skuli ekki vera lagðar fram samhliða vindorkulöggjöf þar sem ekki er hægt að leggja heilstætt mat á frumvarpið nema sjá hver ávinningur sveitarfélaganna með starfseminu verður. Þó má sérstaklega taka undir að skipulagsvald vindorkuvera verði fært til sveitarfélaga sem geta þá einfaldlega hafnað uppbyggingunni verði skattaleg umgjörð ekki hagfelld fyrir nærumhverfið. Lögin verða að skapa meiri sátt um hagnýtingu vindorku á Íslandi til framtíðar og því er mikilvægt að fyrstu vindorkuverin verði byggð í sátt við nærsamfélagið með þjóðhagslega hagsmuni í fyrirrími.

Til áréttingar um mikilvægi þess að Búrfellslundi verði ekki veitt undanþága frá boðaðri löggjöf og að skattaleg umgjörð orkuvinnslu verði tryggður efnahagslegur ávinningur eru meðfylgjandi þessari umsögn tvö fylgiskjöl:

1. Bréf sveitarstjórnar SKOGN til Skipulagsstofnunar frá 8. júní 2023 þar sem farið er fram á frestun Búrfellslundar.
2. Umsögn sveitarstjórnar SKOGN um afgreiðslu rammaáætlunar en þar er sérstaklega fjallað um hvernig núverandi skattaumhverfi leiðir til fjárhagslegs tjóns fyrir SKOGN.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson
Oddviti / Sveitarstjóri

Undirritunarsíða

Haraldur Þór Jónsson



Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 02.05.2024
Tími: 23:34:07
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7d852e60-
ab18-4db5-95bc-
e3dc2fd46b3c